



Borgarráð

### ***Sumarborgin 2020 - miðborgin***

Lagt er til að borgarráð samþykki að farið verði í átak til þess að efla miðborgina sem sjálfstæðan áfangastað í sumar. Þannig er stuðlað að eflingu atvinnulífs á svæðinu með aukinni verslun og viðskiptum við rekstraraðila á svæðinu en ekki síður auknu mannlífi og menningu fyrir alla. Samhliða verði miðborgin kynnt sem áfangastaður með sérstöku átaki í markaðssetningu.

Gert er ráð fyrir að stór hluti fjármögnunar verði tekin úr römmum USK og MOF og vinnuframlag verði frá starfsfólki sviðanna. Auk þess er lagt til að borgarráð samþykki ofangreinda tillögu að auknum fjármunum í að efla miðborgina vegna ársins 2020, alls 50 mkr. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

#### **Greinargerð:**

Í miðborginni starfar fjöldinn allur af fyrirtækjum sem sinna margvíslegri þjónustu við borgarbúa og ferðamenn. Undanfarin ár hefur miðborgin verið langstærsti viðkomustaður erlendra ferðamanna sem heimsækja Ísland en svo verður ekki í sumar. Af því leiðir að rekstrargrundvöllur fyrirtækja og atvinnulífs í miðborginni er allt annar en síðustu ár. Mikilvægt er að styðja við mannlíf, grósku og rekstrarskilyrði miðborgarinnar með því að gera hana að enn áhugaverðari áfangastað fyrir borgarbúa og landsmenn alla í sumar og eru til þess margar leiðir.

Sumarborgin 2020 snýst um að styðja við mannlíf og menningu með margvíslegum hætti, með fjölbreyttum viðburðum, endurgerð borgarrýma og bættri umhirðu. Tilgangurinn er að fjölga viðburðum, lífga við og endurgera borgarrými, markaðsetja og gefa miðborginni þannig innspýtingu sem gagnast rekstraraðilum á erfiðum tímum.

Þar sem stórar borgarhátíðir geta ekki verið með hefðbundnu sniði vegna fordæmalauss ástands er viðburðum og hátíðum dreift til lengri tíma. Gert verður viðburðardagatal fyrir miðborgina og

Það kynnt borgarbúum þannig að auðvelt verði að velja sér viðburði og uppákomur eftir áhugasviði. Allt fyrirkomulag mun að sjálfsögðu taka mið af tilmælum ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækis.

Undirbúa þarf miðborgina fyrir gestakomur og er hugsunin að hún taki græn og blómstrandi á móti gestum á öllum aldri frá morgni til kvölds. Með því að lifga við borgarrýmin, fara í samstarf við listafolk og hönnuði, nota hugmyndaflugið og fá fólk og fyrirtæki til samstarfs svo sem líkamsræktarstöðvar, plötusnúða, götuleikhús, sirkus, tónlistarfólk og rithöfunda verður hægt að glæða borgina enn meira lífi. Einnig verður unnið að nánari hugmyndum og útfærslum með hagaðilum. Með þessum aðgerðum er hægt að auka aðdráttarafl miðborgarinnar enn frekar og gera sumarið 2020 í miðborginni eftirminnilegt og skemmtilegt fyrir alla aldurshópa.

Með öflugri markaðssetningu innanlands verði borgarbúar og aðrir landsmenn hvattir til að upplifa miðborgina, enduruppgötva og njóta alls þess sem hún hefur upp á að bjóða og meira til. Ef vel tekst til væri hægt að endurtaka leikinn að ári og miðborgin fengið enn stærri sess í hjörtum borgarbúa.

Unnið verður samkvæmt ferðamálastefnu, menningarstefnu og Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Verkefnið tekur mið af þeim 13 aðgerðum sem borgarráð kynnti þann 26. mars sl. Verkefnið tengist beint aðgerðum 5-9 sem eru (5) Nýsköpun og ný tækni, (6-7) Skapandi greinar og þekkingargreinar, (8) Menning, listir, íþróttir og viðburðarhald og (9) Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir.

Verkefnisstjórn þvert á svið borgarinnar stýrir verkefninu en verkefnisstjóri miðborgar 2020 er Björg Jónsdóttir (MOF) auk Sæunnar Óskar Unnsteinsdóttur verkefnistjóra miðborgar. Auk auki er gert ráð fyrir stýrihópi sem skipaður er sviðsstjórum USK, MOF og Skrifstofustjóra SBB.

Undirhópar:

- Markaðssetning (slagorð, útfærsla, samstarf milli sviða)
- Miðlun og ytri og innri samskipti (samskipti við fjölmiðla og hagsmunaaðila)
- Borgarhönnun
- Börn og fókushópar
- Viðburðateymi
- Afnotaleyfi og umhirða



Dagur B. Eggertsson